

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar. Greiddast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af embætti skipulagsstjóra og að hálfu af viðkomandi sveitarstjórnnum miðað við íbúafjölda. Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr að fenginni tillögu skipulagsstjórnar ríkisins.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. september 1997. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 13. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 567

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Staðarsókn í Hólmavíkurstakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli annars vegar, og að Efranúpssókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli hins vegar.

„Ráðuneytið hefur móttengið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 20. september 1993, sbr. bréf sr. Guðna Þórs Ólafssonar, prófasts, dags. 14. september 1993, til yðar, þar sem farið er fram á annars vegar staðfestingu ráðuneytisins á því, að Staðarsókn í Hólmavíkurstakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli en hins vegar staðfestingu ráðuneytisins á að Efranúpssókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreindar breytingar, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfunda, sbr. 4. gr. laga um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“

Nr. 568

17. október 1994

AUGLÝSING

um umferð á Eyrarbakka.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppnefndar Eyrarbyggðahrepps hefur verið ákveðið:

að umferð um göturnar, Háeyrarvelli, Eyrargötu, Búðarstíg og Túngötu á Eyrarbakka hafi forgang gagnvart umferð frá aðliggjandi húsagötum (botnlöngum).

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögrelustjórinn í Árnassýslu, 17. október 1994.

Karl Gauti Hjaltason ftr.